

Merki samtakanna

Alþingi
B/t Allsherjarnefndar
150 Reykjavík

HSSSI

Undirbúningsnefnd Hagsmunasamtaka
Skotvopna-og skotfærasala á Íslandi.
Höfðabakka 9 – PO Box 12369
132 Reykjavík
Sími 587-9090 Fax 587-9590
e-mail: mummikg@centrum.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/124
komudagur 19.11.1997

Ofangreind samtök hafa ekki ennþá verið stofnuð, en sett hefur verið á laggirnar undirbúningsnefnd til stofnunar þeirra.

Við höfum séð frumvarpsdrögin að nýjum Vopnalögum, en ekki hefur gefist mikill tími til að fara ofan í kjölin á þeim einsog við vildum hafa gert. Þó vildum við gera athugasemdir við neðangreinda liði sérstaklega.

Um 5. gr. : Heimild til undanþágu handa einstaklingum, til innflutnings skotvopna.


Við erum eindregið þeirrar skoðunar, að EKKI eigi að veita öðrum en þeim sem hafa til þess fullgild starfsleyfi, heimild til innflutnings skotvopna og skotfæra. Það mundi einfalda mjög alla skráningarvinnu og leyfisveitingar hjá lögregluembættum, ef einstaklingum væri óheimill innflutningur þeirra. Viðast hvar í nágrennalöndum okkar, er einstaklingum algerlega bannað að stunda eigin innflutning. Við teljum að þessar vörur séu þess edlis, að um þær eigi að gilda mjög strangar reglur og að viðskiptum sé best borgið í höndum fagmanna.

Um 7. gr. : Skilyrði til veitingu leyfis til verslunar með skotvopn og skotfæri.

Þar teljum við að algjört skilyrði ætti að vera um, að leyfishafi sé með gilt skotvopnaleyfi og hafi jafnframt gengist undir s.k. meirapróf. Það hlýtur að teljast sanngjörn krafa viðskiptavina okkar, að við höfum sem víðtækasta þekkingu og reynslu í meðferð þessara tækja og efna.

Virðingarfyllst,

F.h. undirbúningsnefndarinnar



Guðmundur Kr. Gíslason, Ísnes ehf.

Ásgeir Halldórsson, Sportvörugerðin hf.
Einar Páll Garðarsson, Veidihúsið ehf.